

Félag starfsfólks í veitingahúsum



Alþingi
Erindi nr. Þ 122/1546
komudagur 26. 3. 198

Reykjavík 26. mars 1998.

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
c/o Áslaug Árnadóttir
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík.

Umsögn FSV, Félags starfsfólks í veitingahúsum, varðandi nýtt frumvarp til áfengisлага, mál nr. 478, sbr bréf allsherjarnefndar Alþingis dags. 12. mars 1998 til félagsins.

Inngangur

Sala áfengis er veigamikill þáttur í rekstri og afkomu gisti- og veitingaþjónustunnar. Veitingaþjónustan er atvinnugrein sem hefur vaxið gífurlega á síðustu árum hérlendis og er sú þróun lík og víðast á Vesturlöndum þar sem þjónustugreinar hafa stækkað og þeim fjölgað. Engin atvinnugrein hefur bætt við sig jafnmörgum ársverkum síðustu áratugina og hún er þjóðhagslega hagkvæm þar sem greinin er mjög vinnuaflsfræk.

Fara skal hér nokkrum orðum um aðstæður og þróun á þessum vinnu- markaði hérlendis.

Hér á landi hefur sú þróun farið hratt vaxandi að atvinnurekendur reyni að koma sér undan sammingsbundnum og lögbundnum skyldum gagnvart starfsfólki sínu með því að gera það að skilyrði fyrir ráðningu þess til starfa að það sækir um virðisaukaskattsnúmer og gerist verktakar. Hefur það sérstaklega komið fram í veitingarekstri og dæmi um að ungt fólk er þvingað til að gerast þátttakendur í þessari gerviverktöku. Þannig eru dæmi um að ungt fólk er svipt því öryggi sem fellst í aðild að stéttarfélagi og fær verulega skakka mynd af íslenskum vinnu- markaði.

FSV telur því mikilvægt vegna ofangreindrar þróunar að auka þjónustu sína við félagsmenn með því að fara reglubundið á vettvang og kynna sér vinnuaðstæður og allan aðbúnað á vinnustöðum sinna félags- manna, svo sem vinnusamband starfsmanns og vinnuveitanda.

FSV lítur svo á, að það sé mjög mikilvægt að félagið hafi á sínu starfssvæði umsagnarrétt vegna umsókna um áfengisveitingaleyfi og vegna beiðna um endurnýjun á eldri leyfum. Hjá FSV er mikil reynsla og þekking sem nýtist í umsögnum, bæði gagnvart rekstaraðilum og einstaklingum í atvinnugreininni.

Um 13. gr. 3. mgr.

Þar segir: “*Sé leyfi endurnýjað má haga gildistíma þess með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af veitingarekstrinum*”

Þessi texti tæpir á mjög veigamiklu atriði, þ.e. að við endurnýjun áfengisveitingaleyfis skuli meta reynslu þá sem fengist hefur. Þess vegna má spyrja löggjafann eftirfarandi spurningar: Reynslu hverra? Hver á að meta þessa reynslu og hvar á að leita fanga í þeim efnum? Nú kann að vera að réttara þyki að telja það upp í reglugerð frekar en lögum en FSV telur brýnt að kveðið sé á um að leitað skuli álits stéttarfélags.

Um 13. gr. 3. mgr., síðasti hluti hennar.

Af fenginni reynslu er starfstími rekstraraðila veitingahúsa oftast en ekki styttri en 4 ár og þess vegna er ástæða til þess að við endurnýjun vínveitingaleyfis sé það almenna reglan að leyfið sé aðeins gefið út til 2ja ára í einu og renni út að þeim tíma liðnum.

Um 14. gr. 1. mgr.

Skv. þessu frumvarpi verður sú formbreyting að áfengisveitingaleyfin skulu framvegis útgefin af viðkomandi sveitarstjórn .

Skv. þessari 1. mgr. ber sveitarstjórn skylda til að leita umsagnar heilbrigðisnefndar og álits byggingar- og skipulagsnefndar.

Ekki er gert gert ráð fyrir í frumvarpinu að leitað sé umsagnar stéttarfélagi, sem jafnan eru staðháttum kunnug um starfsmannahald o.fl. sbr. FSV, Félag starfsfólks í veitingahúsum sem starfar í 5 sveitarfélögum á Stór-Reykjavíkursvæðinu en þau eru:

Seltjarnarnes, Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður og Mosfellsbær.

Lögreglufirvöld hafa gefið út öll veitingaleyfi fram til þessa á Íslandi. Nýleg skoðun leiddi í ljós að eftirlit með notkun og endurnýjun leyfa var í molum. T.d. var fjöldi veitingastaða í Reykjavík með löngu útrunnin veitingaleyfi en þessir staðir voru samt allir í fullum rekstri. FSV áréttar þá brýnu þörf að tekið verði með berum orðum fram í þessum lögum hvernig skuli háttað eftirlitsþættinum með hliðsjón af framansögðu og að FSV fái í lögnum rétt til afskipta og umsagnar, sbr. einkum 3. mgr. 13. gr. og 5. mgr. 14. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr. 2. mgr.

Hér skal aðeins áréttað að í þessari málsgrein er nýtt ákvæði um tryggingu sem er mjög jákvæð tilraun til að sporna við allt of tíðum breytingum á rekstraraðild vínveitingastaða. Vakin er athygli á því að sömu einstaklingar hafa komist upp með að hefja starfsemi að nýju strax eftir gjaldþrot með því að stofna nýtt hlutafélag um reksturinn.

Um 14. gr. 5 mgr.

Í þessari síðustu mgr. 14. gr. er lögð skylda á hendur dómsmálaráðherra að setja í reglugerð nánari ákvæði um áfengisveitingar og eftirlit með starfsemi leyfishafa. Það vekur athygli að ráðherrann skal leita umsagnar áfengis- og vímuvarnaráðs og eins hagsmunasambands, þ.e. Sambands veitinga- og gistihúsa.

Hvernig stendur á því að löggjafinn gerir ekki ráð fyrir því að reglugerðargjafinn eigi með sama hætti að leita umsagnar stéttarfélags launamanna eins og frá FSV? Brýnt er að úr því verði bætt.

Útgefin veitingaleyfi, þ.m.t. áfengisveitingaleyfi, bara í Reykjavík eru langt á fjórða hundrað.

SVG eru eru hagsmunasamtök hótél- og veitingahúsaeygenda sem eru landssamtök en aðilar að þessum samtökum munu samt vera innan við eitt hundrað. Verkalýðsfélög hafa ríka hagsmuni af því hverjir hafa á hendi áfengisveitingar. Þessi félög þurfa að standa vörð um hagsmuni mörg þúsund launamanna. Félagsmenn í FSV nálgast nú að verða 2000. Mikil mannvelta er í félaginu, hlutavinnufólk, sumarvinnufólk sem starfar tímabundið á þessu sviði og skólafólk sem er að afla sér tekna með skólagöngu koma árlega á félagsskrá FSV og á síðasta ári komu yfir 4800 manns.

Af framansögðu má ljóst vera að starfsfólk á skrifstofu FSV er í daglegu sambandi við mikinn fjölda félagsmanna sinna og þannig gagnkunnugt öllum aðstæðum á sínu félagssvæði.

Og sé að mati almenna löggjafans þörf á að fá álit SVG, sem telur lítinn minnihluta veitingamanna í landinu, þar sem þeir (SVG) eiga að gefa umsögn um væntanlegan samkeppnisaðila sinn í atvinnugreininni, hvers vegna þarf þá ekki miklu frekar að leita umsagnar FSV við þessa reglugerðarsetningu?

Um 18. gr.

Sjálfstætt ákvæði vantar sem bannar ungmennum yngri en 18 ára að sækja vínveitingahús að viðlagðri ábyrgð.

Niðurlag

Af öllu framansögðu eiga öll rök að standa til þess að umsagnarréttur FSV og annarra samsvarandi félaga verði settur inn í bæði 13. og 14. gr. frumvarpsins.

Áhersluþættirnir eru þessir:

Fjölgun vínveitingahúsa kallar á bætt og samræmt eftirlit.


Áfengis- og vímuefnanotkun er vaxandi bölg á Íslandi sbr. umræðuna í þjóðfélaginu síðustu misseri um hertar forvarnir.

Til starfa á veitingahúsum velst oft ungt fólk, vinnustaðurinn er þannig stundum fyrsta reynsla þess af atvinnulífinu og gegnumstreymi starfsmanna er mikið, þ.e. starfstími hvers og eins er skammur.

Rökstuddur grunur er á, að svört vinna sé algengari á veitingahúsum en víðast annars staðar í atvinnulífinu. Styðst það m.a. við úttekt á starfsmannahaldi á mörgum tuga veitingahúsa á félagssvæði FSV sem félagið stóð fyrir árið 1996 og naut til þess aðstoðar Félagsmálaráðuneytisins.

Þá kom fram í viðtölum við fjölmarga veitingahúsamenn að þeir ættu erfitt með að manna stöðugildi hjá sér þar sem þeir réðu einungis til sín launþega á uppgefnum launum. En það væri algengast viðkvæði þess fólks sem væri að leita sér að vinnu að það tæki bara svarta vinnu til þess sérstaklega að missa ekki framlög úr Atvinnuleysistryggingasjóði eða greiðslur frá félagsmálastofnunum sinna bæjarfélaga.

Virðingarfyllt


Sigurður Guðmundsson
formaður FSV.